

49
25. maí

- d. Þeim íbúum hins umrædda hluta hins núverandi Reyðarfjarðarhrepps, sem heimilisfang hafa þar, þegar skiftin fara fram og hafa ekki áður þegið af sveit en verða styrksþurfar eftir að skipin fara fram, skal framfleytt í þeim hinna nýju hreppa, sem þeir eiga heimilisfang í þegar skiftin fara fram.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í öllum þremur nýju hreppunum, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hverjum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreingur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Reyðarfjarðarhreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

50
10. maí

Reglugjörð

um breyting á 8. gr. í reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing refa, fjallskil, rjettahöld o. fl. frá 21. júní 1906.

8. gr. orðist þannig:

Enginn má ala upp yrðlinga, nema skotmenn, sem hreppsnefnd hefir ráð ið, þó ekki lengur en til júlímánaðarloka. Ef yrðlingur er alinn lengur og honum slept úr gæslu, varðar það 50 kr. sekt. Þó má sýslunefnd veita undanþágu frá fyrri lið greinarinnar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14 frá 22. mars 1890 og nr. 36 frá 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1907.

Í stjórnarráði Íslands, 10. maí 1907.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.